

**Nd.**

**1283. Nefndarálit**

[423. mál]

um frv. til l. um viðskiptabanka.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. nefndarinnar telur að nokkur atriði í bankafrv. séu til bóta, einkum að því er varðar endurskoðun bankanna og innra eftirlitskerfi þeirra. Hins vegar eru í frv. nokkur atriði sem minni hl. getur alls ekki fallist á. Þar er m. a. um að ræða ákvæði frv. um að opna fyrir stofnun útibúa og um heimildir til handa bönkunum til þess að ákveða alla vexti sjálfir.

Þá gagnrýnir minni hl. nefndarinnar harðlega að seðlabankafrv. hefur enn ekki verið lagt fram í þinginu, en það skapar óvissu við frágang frv. um banka og sparisjóði. Við afgreiðslu málsins í nefnd mótmælti minni hl. harðlega þessari afgreiðslu. Minni hl. flytur brtt. á sérstöku þskj. og verður nánari grein gerð fyrir þeim í framsöguræðu.

Alþingi, 14. júní 1985.

Svavar Gestsson.